



Dalabyggð

Reglur

um Vinnuskóla Dalabyggðar

1.gr. Umsækjendur

Öll ungmenni á aldrinum 13-17 ára með lögheimili í Dalabyggð geta sótt um í Vinnuskóla Dalabyggðar. Með umsókn í Vinnuskólann er litið svo á að viðkomandi starfsmaður sé að sýna áhuga á að taka þátt. Því ber viðkomandi að sinna þeim verkefnum sem honum eru falin án þess að ganga þurfi á eftir því að þau séu unnin. Þegar umsókn er svarað fylgja með upplýsingar um hvar eigi að mæta fyrsta daginn.

2.gr. Markmið

Að bjóða starfsmönnum uppbyggileg sumarstörf ásamt fræðslu í öruggu starfsumhverfi. Lögð er áhersla á að veita starfsmönnum skemmtilega og ánægjulega sýn inn í atvinnulífið meðfram því að undirbúa starfsmenn undir það sem koma skal á hinum almenna vinnumarkaði. Áhersla er lögð á að starfsumhverfið sé hvetjandi og gefandi en einnig að starfsmönnum sé sýnd kurteisi og virðing. Störf Vinnuskólans eru fjölbreytt og á mismunandi vinnusvæðum þar sem starfsmenn fá einnig almenna fræðslu á notkun og meðferð algengra verkfæra og um náttúru og nánasta umhverfi sitt.

3.gr. Vinnutími

Vinnuskólinn er að jafnaði starftækur viku eftir að grunnskóla lýkur og fram til 31. ágúst. Vinnudagar geta verið heilir eða hálfir. Heill vinnutími er frá kl.8 til 15 mánudaga til fimmtudaga, hálfir vinnudagar geta ráðast fyrir hádegi eða eftir hádegi. Sé vinna á föstudegi er það í samráði við verkstjóra sem lætur starfsmenn vita í upphafi viku ef vinna er áætluð. Kaffitími er kl.9:30 og er 30 mínútur að lengd, hádegishlé er frá kl.12-13 eða 60 mínútur að lengd. Á starfstíma Vinnuskólans er stefnt að því að koma á sérstökum fræðsludögum.

4.gr. Verkstjóri

Verkstjóri er yfirmaður starfsmanna. Verkstjóri leiðbeinir starfsmönnum um vinnubrögð, meðferð og umhirðu verkfæra og annarra áhalda, umgengni í og við húsnæði Vinnuskólans og



Dalabyggð

eru ábyrgur fyrir því að reglum sé fylgt. Verkstjóri er fyrirmynd starfsmanna í vinnusemi, stundvísi og heiðarleika. Verkstjóri úthlutar verkefnum og gefur leiðbeiningar þar um.

5.gr. Starfsreglur

Við undirritun samnings um þátttöku í Vinnuskólanum skuldbindur starfsmaður sig til að fara eftir eftirfarandi reglum:

- Vinnuskólinn er tóbaks- og vímuefnalaus vinnustaður; á leið í og úr vinnu, á vinnusvæði og í matar- og kaffihléum, þ.e. sá tími sem trygging nær yfir. Þetta á líka við um hverskyns rafrettur.
- Starfsmönnum ber að vera stundvísir, mæta á réttum tíma og skila fullum vinnudegi.
- Starfsmenn fara vel með verkfæri, stunda vinnuna samviskusamlega, skila verkefnum vel frá sér og fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum verkstjóra.
- Laun eru greidd fyrir fræðsludaga ef viðkomandi starfsmaður tekur þátt í allri dagskrá þess dags og sýnir fram á virka þátttöku.
- Starfsmenn leggja sér sjálfir til allan fatnað og skal hann vera í samræmi við verkefni, aðstæður og veður hverju sinni. Vinnuskólinn skaffar hlífðarbúnað í samræmi við verkefni s.s. hlífðargleraugu og heyrnahlífar. Við ráðleggjum starfsmönnum að merkja fatnað. Ekki er tekin ábyrgð á fötum nemenda, reiðhjólum, farsímum eða öðrum hlutum sem þeir hugsanlega taka með sér á vinnustað.
- Farsímanotkun er heimil með samþykki verkstjóra.
- Starfsmenn taka ekki þátt í einelti eða stríðni enda er slíkt ekki liðið í Vinnuskólanum, heldur láta þeir verkstjóra vita verði þeir vitni að slíku.

6.gr. Ofnæmi

Sé starfsmaður með það alvarlegt ofnæmi að það hindri þátttöku í hefðbundnum störfum Vinnuskólans ber honum að skila inn læknisvottorði því til staðfestingar. Þá verður fundið verkefni sem hentar viðkomandi einstaklingi með tilliti til ofnæmis.

7.gr. Veikindi og leyfi



Dalabyggð

Komi upp veikindi eða biðja á um leyfi frá vinnu þarf forráðamaður að tilkynna slíkt til verkstjóra. Vanti starfsmann í vinnu dag eða dagspart án þess að það sé tilkynnt á réttan hátt, hafa verkstjóri eða starfsfólk á skrifstofu samband við forráðamenn og leita skýringa. Ekki er borgað fyrir veikindadag. Ef ástæða er fyrir því að starfsmaður mætir seint eða þarf að fara fyrr skal forráðamaður láta verkstjóra vita eins fljótt og auðið er.

8.gr. Nesti

Lagt er upp með að starfsmenn hafi með sér næringargott nesti fyrir matar- og kaffitíma þar sem ekki er víst að verkefni séu nærri heimili. Neysla orkudrykkja, gos og sælgætis er óheimil á vinnutíma, þar með talið í kaffitímum. Verkstjóra er leyfilegt að gera orkudrykki upptæka og láta forráðamenn vita. Sjoppu- og búðarferðir eru ekki leyfiðar á vinnutíma.

9.gr. Verkefni

Verkefni sem Vinnuskólinn gæti þurft að sinna eru m.a. hreinsun og snyrting á og við opinber svæði, sláttur og hreinsun í görðum eldri borgara og öryrkja, hreinsun blóma- og trjábeða ásamt almennri umhirðu gróðurs, ruslahreinsun meðfram vegum, hreinsun í og við fjörur, viðhald á leiktækjum, grindverkum og stéttum, gróðursetning og áburðargjöf, sláttur og rakstur ásamt léttu viðhaldi á lóðum sveitarfélagsins ásamt tilfallandi verkefnum hjá stofnunum sveitarfélagsins. Vinnuskóli Dalabyggðar er án aðgreiningar og reynum við að koma til móts við mismunandi þarfir starfsmanna.

10.gr. Kaup og kjör

Laun og kjör eru ákvörðuð af sveitarstjórn á hverju ári og tilkynnt með auglýsingu um umsóknir í Vinnuskóla. Starfsmenn 16 ára og eldri geta skilað inn skattkorti. Laun eru lögð inn á bankareikning sem verður að vera á nafni og kennitölu viðkomandi starfsmanns. Laun eru greidd út 1. hvers mánaðar. Launatímabil er frá 20. til 20. hvers mánaðar. Starfsmenn eru tryggðir launþegatryggingu sem tryggir þá í vinnu og á beinni leið til og frá vinnu.

11.gr. Slys



Dalabyggð

Við val á verkefnum, verkfærum og öðrum áhöldum er þess gætt að þau séu í fullu samræmi við reglugerð um vinnu barna og ungmenna nr.426/1999. Verði slys verður forráðamanni starfsmanns verður gert viðvart hið fyrsta. Slys við vinnu verða tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins.

12.gr. Brottvísun og áminningar

Verkstjóri hefur heimild til að senda starfsmann heim úr vinnu og skal verkstjóri þá hringja í forráðamenn og tilkynna ástæður brottvikningar. Til þess þarf þó að vera rík ástæða og eru aðrar leiðir reyndar áður en til þessa úrræðis er gripið. Brot á starfsreglum Vinnuskólans getur þýtt brottvísun að fullu, að undangenginni áminningu.

13.gr. Starfslok

Allir starfsmenn Vinnuskólans fá umsögn frá verkstjóra að starfi loknu og geta notað hana á ferilskrá sína í framhaldinu ef við á. Í umsögninni er eftirfarandi metið í stuttum texta: hjálpssemi, jákvæðni, dugnaður og velvirkni.

Dalabyggð 27.02.2020

Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggð

Athugið að Dalabyggð áskilur sér rétt til breytinga á ofangreindum reglum.